

## Reglur um framlengingu eða endurráðningu starfsfólks eftir 70 ára aldur

Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar láta af starfi sínu næstu mánaðarmót eftir að 70 ára aldri er náð án sérstakrar uppsagnar.

Viðkomandi starfsmanni er tilkynnt skriflega um starfslok vegna aldurs með sex mánaða fyrirvara, dagsetning móttöku bréfs miðast við mánaðamót sex mánuðum áður en viðkomandi nær 70 ára aldri. Starfsmaður er jafnframt upplýstur um heimild til að sækja um framlengingu ráðningar.

Um starfskjör réttindi og skyldur fer eftir kjarasamningi hverju sinni, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 .

*Heimilt er vinnuveitanda að framlengja ráðningu eða endurráða starfsmann sem hefur náð 70 ára aldri og látið af föstu starfi í annað eða sama starf.*

### Verklag

Óski starfsmaður eftir áframhaldandi starfi skal hann sækja um það skriflega til næsta yfirmanns á þar til gerðu eyðublaði með a.m.k. þriggja mánaðar fyrirvara, þ.e. þremur mánuðum fyrir áætluð starfslok og miðast við mánaðamót.

Yfirmaður tilkynnir sviðsstjóra um umsóknina og sendir mannauðsstjóra umsókn starfsmanns ásamt gögnum sem eru grundvöllur að áframhaldandi ráðningu eins fljótt og auðið er en í síðasta lagi innan tveggja vikna frá því umsókn barst. Svar skal hafa borist til starfsmannsins innan mánaðar frá umsókn og eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir áætluð starfslok.

Að uppfylltum eftirfarandi reglum er heimild til að endurráða viðkomandi starfsmann tímabundið.

### Reglur vegna áframhaldandi starfa eftir 70 ára aldur

1. Áframhaldandi ráðning eftir 70 ára er alltaf tímabundin og ekki veitt til lengri ráðningartíma en í allt að tvö ár (24 mánuði). Hægt er að hafa ráðningu tímabundna t.d. út skólaárið o.s.frv. En miða skal við ákveðna dagsetningu á ráðningarsamning og umsókn.
2. Umsókn starfsmanns skal vera skrifleg á þar til gerðu eyðublaði og hafa borist yfirmanni eigi síðar en þremur mánuðum fyrir áætluð starfslok. Umsókn skal miðast við mánaðamót fyrir áætluð starfslok.
3. Starfsmaður þarf staðfestingu frá trúnaðarlækni um starfshæfni. Staðfesting þess efnis berst síðan beint til mannauðsstjóra.
4. Yfirmaður starfsmanns metur hæfi viðkomandi starfsmanns til að geta starfað áfram. Ef sótt er um annað starf en því sem starfsmaður sinnir skal yfirmaður meta hvort starfsmaður geti sinnt því starfi. Matið skal vera skriflegt.



## HAFNARFJÖRÐUR

5. Yfirmaður starfsmanns upplýsir sviðsstjóra um umsókn starfsmannsins.
6. Yfirmaður sendir mannauðsstjóra tölvupóst með umsókn starfsmannsins ásamt öllum gögnum sem fyrst en í síðasta lagi innan tveggja vikna frá því umsókn berst yfirmanni. Umsókninni þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:
  - I. Upplýsingar um starf sem viðkomandi óskar eftir, tímabil ráðningar og starfshlutfall.
  - II. Dagsett, skriflegt mat yfirmanns á hæfni starfsmanns og getu til að sinna starfinu.
  - III. Starfshæfnivottorð frá trúnaðarlækni.
  - IV. Dagsett, skrifleg umsókn starfsmanns, með undirritun bæði starfsmanns og yfirmanns.
7. Mannauðsstjóri og sviðsstjóri viðkomandi sviðs fara yfir allar umsóknir og staðfesta eða hafna ráðningarheimild eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir áætluð starfslok en þó innan mánaðar frá umsókn.
8. Við framlengingu ráðningar eða endurráðningu skal yfirmaður gefa starfsmanni leiðbeiningar um það hvaða gögn skuli leggja fram sem hafa kjaralega þýðingu s.s. námsgögn og starfsaldursvottorð fyrir launasetningu starfsmanns og tryggja að þau berist launadeild.
9. Framlengd ráðning eða endurráðning er uppsegjanleg af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara hvenær sem er á ráðningartímabilinu.
10. Starfsmaður sem telur synjun á ráðningu ekki vera í samræmi við reglur þessar getur skotið máli sínu til afgreiðslu bæjarráðs. Starfsmaður skal skjóta máli sínu til bæjarráðs innan fjögurra vikna frá því að synjun liggur fyrir. Niðurstaða bæjarráðs skal liggja fyrir innan 4 vikna frá því að málið er lagt fyrir ráðið.

Samþykkt í bæjarráði